

## Baldvin Björgvinsson, umsögn barst í tölvupósti 8. apríl 2020

Athugasemdir við Frumvarp til kosningalaga. Drög 16. mars 2020 150. löggjafarþing 2019–2020.

Sendandi mótmælir úthlutun þingsæta og bendir á að úthlutunin er ekki í samræmi við 65. grein Stjórnarskrár Lýðveldisins Íslands.

Sendandi bendir á að ákvæði 9. greinar og ákvæði kosningalaga halla verulega á mannréttindi kjósenda, enda skal atkvæðavægi vera jafnt, eða að minnsta kosti eins jafnt og framast er unnt. Sendandi bendir á að misvægi atkvæða gengur gegn Mannréttindayfirlýsingu Sameinuðu þjóðanna, sem Ísland er aðili að, en þar segir í 21. grein.

„3. Vilji þjóðarinnar skal vera grundvöllur að valdi ríkisstjórnar. Skal hann látinn í ljós með reglubundnum, óháðum og almennum kosningum, enda sé kosningarréttur jafn og leynileg atkvæðagreiðsla viðhöfð eða jafngildi hennar.“ Og að í lögum um mannréttindasáttmála Evrópu 1994 nr. 62 19. maí segir:

„Samningsaðilar skuldbinda sig til þess að halda frjálsar kosningar með hæfilegu millibili, og sé atkvæðagreiðsla leynileg og fari fram við aðstæður er tryggt það að í ljós komi álit almennings með frjálsum hætti í kjöri til löggjafarþings.“ Ekki getur Sendandi skilið þetta öðruvísi, sbr. td. 17. gr. en að ákvæðið í Mannréttindayfirlýsingu Sameinuðuþjóðanna, að álit almennings, með jöfnu vægi, eigi að ráða kjöri til löggjafarþings.

Einnig gengur svokölluð fimm prósent regla, sem er seinni tíma breyting á stjórnarskránni, sem finna má í 31. grein gegn þeirri 65, sem og mannréttindayfirlýsingu Sameinuðuþjóðanna.

Sendandi fer fram á að þeirri reglu sé ekki beitt enda gangi hún gegn annarri mikilvægari reglu sem fjallar um grundvallar mannréttindi.

Athugasemd við 55. grein

þar segir meðal annars:

"...óheimilt er að taka upp, mynda eða miðla með öðrum hætti upplýsingum um það sem fram fer í kjörfundarstofu."

Rökstuðningur

Þessi klausa kemur algjörlega í veg fyrir að umboðsmaður geti safnað sönnunargögnum.

Það er algjörlega nauðsynlegt að umboðsmaður hafi fullan rétt til að safna þeim sönnunargögnum sem til þarf. Til þess að það sé mögulegt er eðlilegt að umboðsmaður megi taka upp bæði hljóð og mynd og sé ekki hindraður í störfum sínum að einu eða neinu leiti.

Vilji Sendandi til dæmis gera athugasemd í gerðarbók samkvæmt 57. grein en kjörstjórn eða kjörstjóri veitir ekki umboðsmanni aðgang að gerðarbókinni til að skrá athugasemd þá er engin önnur sannanleg leið til skráningar sönnunargagna en hljóð eða myndupptaka.

Hingað til hafa komið kjörkassar í talningu brotnir opnir, rofin innsigli, kassar sem hægt er að opna án þess að rjúfa innsigli og kassar hafa komið fluttir eftir vafasömum leiðum.

Af reynslu sendanda sem umboðsmaður þá er full þörf á slíkri heimild. Talið er víst að kosningasvik og kosningaspjöll hafi farið fram en það hefur verið ómögulegt að sanna. Hindrun í öflun sönnunargagna er annkannaleg klausa í lögum um framkvæmd kosninga.

Jafnt vægi atkvæða, að öll atkvæði gildi, að kosningin fari heiðarlega fram og að hægt sé að hafa hindrunarlaust eftirlit með framkvæmdinni er grundvallaratriði í hverju lýðræðissamfélagi.

Baldvin Björgvinsson

Hrauntungu 42

Kópavogi